

Íslandsmet í sölu hjólhýsa

Sala hjólhýsa hefur aukist um 70 prósent milli ára. Fleiri hjólhýsi voru skráð á fyrri helmingi ársins en á sama tímabili árið 2008. Fellihsasala er nær engin.

VIÐSKIPTI Gríðarleg aukning hefur orðið í nýskráðum hjólhýsum hér á landi á árinu. Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu voru 430 hjólhýsi nýskráð frá janúar til júní 2017. Á sama tímabili í fyrra voru 253 hjólhýsi nýskráð og því er um 70 prósent aukningu að ræða milli ára.

Þegar hjólhýsaskráning náði miklum hæðum fyrir hrun voru 263 nýskráð í janúar til júní 2008, en nú voru 63 prósentum fleiri hjólhýsi skráð á tímabilinu.

Dregið hefur verulega úr sölu fellihsa síðastliðin ár. Einungis eitt var nýskráð á fyrstu sex mánuðum ársins og svipaða sögu er að segja um síðustu tvö árin. Í aðdraganda hrunsins voru fellihsý þó verulega vinsæl og voru 411 nýskráð á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 og 168 á síðari hluta sama árs.


Þrjátíu tjaldevagnar voru nýskráðir á fyrstu sex mánuðum ársins, fjórum fleiri en á sama tímabili í fyrra. Töluvert færri tjaldevagnar hafa verið nýskráðir síðustu ár en á tímabilinu 2008 til 2010.

Arnar Barðdal, framkvæmdastjóri Víkurverks, segist finna fyrir miklum kipp í sölu hjólhýsa. Hann skýrir dræma fellihsasölu með því að hjólhýsin hafi einfaldlega leyst þau af hólmi. „Fellihsasalan byrjaði um 1994 til 1995 og það kom allt frá Ameríku. Þau urðu mjög vinsæl hérna þegar gengið var lægra. Svo þegar það hækkaði mikkið hrundi þessi sala niður og hefur ekki náð að fara af stað aftur út af því að hjólhýsin eru tekin við. Þau henta okkur miklu betur, það eru meiri þægindi og lúxus að vera í hjólhýsi en fellihsý.“

Hjólhýsi eru dýrari en að sögn Arnars er samt ekki mikill verðmunur á ódýrustu hjólhýsum og fellihsýsum. „Hjólhýsi er hægt að fá frá 2,5 til 3 milljónum og alveg upp úr. Það er allur gangur á því hvaða verðbili hjólhýsin eru á sem seljast.“

Nýskráningar nýrra og notaðra hjólhýsa

Janúar - júní hvers árs



Þeir sem hafa komið eru á miklu stærri hjólhýsum en áður.

Guðmundur Rúnar Svavarsson, rekstraraðili tjaldevæðisins við Hraunborgir í Grímsnesi

Arnar segir brjálað að gera hjá Víkurverki vegna aukinnar eftirspurnar. Fullt sé á verkstæði og mikið að gera við afhendingar.

Þrátt fyrir aukna sölu virðast ekki fleiri hjólhýsi birtast á tjaldevæðum landsins. „Hjá okkur get ég ekki sagt að hafi orðið mikil aukning á slíku. En þeir sem hafa komið eru á miklu stærri hjólhýsum en áður, það er aðalbreypingin,“ segir Guðmundur Rúnar Svavarsson, sem rekur tjaldevæðið við Hraunborgir í Grímsnesi.

„Það hefur verið svipað af hjólhýsum enn sem komið er en það getur vel verið að við sjáum meira í júlí,“ segir Hrefna Sigmarsdóttir, sem rekur tjaldevæðið í Húsafelli.

saeunn@frettabladid.is



Einni stærstu ferðahelgi landsins lauk hjá mörgum í bílaröð í átt til Reykjavíkur. Í röðinni mátti sjá fjölmarga bíla með ný hjólhýsi í eftirdragi, stór og smá, en þau seljast nú eins og heitar lummur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Milljarða jörð til sölu

VIÐSKIPTI Jörðin Neðri-Dalur í Biskupstungum er komin í söluferli hjá fasteignasölu Stakfelli og er ásett verð 1,2 milljarðar króna. Jörðin er 1.200 hektarar að stærð og er næsta jörð við Geysissvæðið í Haukadali.

„Söluferlið er að hefjast af fullum þunga núna. Það er verið að kynna jörðina til útlendinga meðal annars en íslenskir aðilar hafa líka sýnt henni áhuga,“ segir Böðvar Sigurbjörnsson, fasteignasali hjá Stakfelli. Búið er að útbúa myndarlega sölukynningu á jörðinni á íslensku og ensku. „Það er ekkert launungarmál að þegar svona jörð kemur í sölu við álika náttúruundur og Geysir er þá vekur það athygli, burtséð frá landgæðum jarðarinnar sem eru gríðarleg.“

Hún er stór, þarna er heitt vatn, kaldavatnslind, á með silungi og laxi og Bjarnafell tilheyrir henni

780

milljónir var ásett verð á Grímsstöðum á Fjöllum.

með sínu ótrúlega útsýni. Fyrir utan það þá liggur hún við einn fjölfarnasta ferðamannastað landsins,“ segir Böðvar.

Átta bræður eiga jörðina og munu þeir taka skika fyrir sumarþáttum sína. „Það eru þreifingar frá ýmsum aðilum. Miðað við þann fjölda fyrirspurna myndi ekki koma á óvart ef það fæst gott verð fyrir hana.“

Ég myndi halda að þetta væri fyrsta milljarða jörðin. Hún er einstök hvað verðið varðar en hún stendur undir því,“ segir Böðvar. – bb

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um uppreist æru. **9**

SPORT Ólafía Þórunn var grátlega nærri því að komast í gegnum niðurskurðinn á fyrsta risamóti sínu. **12**

TÍMAMÓT Bandaríski geimfarinn Charlie Duke heldur skemmti- og fræðsluviðburð fyrir börn og unglinga í salarkynnum Háskólans í Reykjavík. **14**

LÍFÍÐ Páll Óskar gefur út nýja plötu í september og ætlar að skutla henni heim til aðdáenda sem panta hana fyrir miðjan júlí, hvert á land sem er. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg




Actavis

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI



NUTRILENK GOLD

Veður



Suðvestlæg átt á landinu á morgun og yfirleitt fremur hægur vindur. Víða skúrir en rigning með köflum

SJÁ SÍÐU 16

Rentuskattur gæti skilað sjö milljörðum

ORKUMÁL Sérstakur auðlindarentuskattur að norski fyrirmynd gæti skilað ríkissjóði um sjö milljörðum króna, að því er fram kemur í svari Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar.

Skatturinn, sem leggst á virkjanir raforkufyrirtækja, er 34,3 prósent af sérstöku skattstofni sem reiknaður er fyrir hverja virkjun fyrir sig. Er skatturinn aðeins lagður á þær virkjanir sem eru með uppsett afl meira en 8 megavött.

Tekið er fram að matið á tekjum ríkissjóðs af umræddum skatti sé aðeins gróf nálgun. Afla þurfi mun ítarlegri gagna.

Oddný segir að Íslendingar ættu að læra af Norðmönnum í auðlinda-málum. – kj

Svifu um á kústum í adna Harry Potter



Reglulega hittast félagsmenn í quidditch-félaginu Reykjavík Ragnarök til að leika hina rammgöldróttu íþrótt. Einn slíkur leikur fór fram á Klambra-túni í gær en í síðustu viku voru liðin tuttugu ár frá útgáfu fyrstu bókarinnar um einn besti leitara sem þekktist, galdratrákinn Harry Potter. Engum sögum fer af því hver gómaði gullnu eldinguna, hvort einhver hafi orðið fyrir rotara eða fallið af Nimbusnum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vitlaust að lækka gjöld

REYKJAVÍK Leikskólagjöld í Reykjavík lækkuðu frá og með mánaðamótum. Lækkunin nemur um 150 milljónum króna á ársgrundvelli og mun því verða um 75 milljónir króna á þessu ári. Tæplega 17 prósentu lækkun verður á dvalargjaldi.

Fram kemur í fundargerð borgar-ráðs að tillagan um lækkunina hafi verið samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur. Borgar-ráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallavina greiddu atkvæði gegn lækkun.

„Við teljum að þetta sé ekki til bóta fyrir leikskólana eða þjónustuna. Leikskólastarfsfólk hefur verið að kvarta undan vanbúnaði og lélegum mat og öðru. Við teljum það ekki til hagsbóta fyrir fjölskyldur í borginni,“ segir Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Hún telur að það hafi verið krafa Vinstri grænna við meirihlutamyndun að lækka gjöldin.

Nú eru laun að hækka og samfélagið kallar ekki á það að leikskólagjöld séu lækkuð. Mér finnst þetta líka vitlaust miðað við aðstæður.

Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

„Þetta er síðasti punkturinn í að mótmæla þessu, við komumst ekki lengra með það. Við viljum bara benda á: Af hverju að lækka gjöldin og gera nauðsynlegt kerfi fyrir foreldra og Reykvíkings en þá meira vanbúði en það er? Af hverju telja vinstriflokkarnir í Reykjavík að það sé nauðsynlegt?“

Nú eru laun að hækka og samfélagið kallar ekki á það að leikskólagjöld séu lækkuð. Mér finnst þetta líka vitlaust miðað við aðstæður,“ segir Áslaug. – sg

Sérstakir flugupakkar fyrir hverja á fyrir sig

Hugmyndin með Litlu veiðibúðinni var að reyna að koma í veg fyrir að notkun á vitlausum flugum eyðileggi veiðiferðir hingað til lands. Stofnandinn segist of oft hafa orðið vitni að því að rangt val skemmi ferðir í laxveiðiár hér á landi.

VERSLUN Lítil krúttleg veiðibúð varð skyndilega órlítið stærri en hugmyndin var upphaflega. Stofnandi verslunarinnar segir að planið hafi verið að koma í veg fyrir leiðinlega upplifun veiðimanna hér á landi.

„Það koma oft veiðimenn hingað til lands með flugur sem þeir hafa kannski notað í Kanada og Skotlandi en þær virka ekki hérna. Þeir hafa kannski ekki hugsað út í hvað gengur hérna,“ segir Valgerður Árnadóttir, stofnandi verslunarinnar LittleFishBoutique.net.

Til að bregðast við þessu hefur Valgerður sett saman flugupakka sem henta vel fyrir vinsælar veiðiár hér á landi. Þeir eru samsettir með það í huga að til séu pakkar sem henta hvenær sem er. Það getur til dæmis verið mismunandi hvað fiskurinn tekur eftir tíma sumars, veðráttu og svo framvegis. Þá getur ein fluga hentað í einni á meðan hún reynist næsta gagnslaus í næstu.

Tillögurnar að samsetningu pakkanna hefur hún fengið frá fólki sem er sérfræðingar í hverri á fyrir sig.

„Ég hef séð það gerast of oft að menn koma hingað, hafa hlakkað lengi til, og lenda síðan í því að hlutur sem þessi skemmir fyrir þeim ferðina. Hugmyndin var að sporna við því að slíkar aðstæður komi upp, að ferðin verði vonbrigði út af hlut sem þessum,“ segir hún.

Verslunin hefur farið vel af stað en þar eru í boði pakkar fyrir margar af helstu veiðiám landsins. Auk þess er þar að finna pakka sem settir hafa verið saman fyrir ár í Rússlandi, Noregi og á Grænlandi.

„Verslunin er á netinu. Við höfum



Valgerður Árnadóttir með lax í vel lukkaðri veiðiferð. Hún segir að það gerist of oft að vitlaust val á veiðiflugum eyðileggi fyrir fólki utan úr heimi.

Ég hugsaði þínu um það hvernig yrði tekið í það að kona væri að opna veiðiverslun en ég hef ekki fundið fyrir neinu.

Valgerður Árnadóttir

sent í veiðihús eða á hótelið sem menn gista á. Það hentar mönnum oft betur að þurfa ekki að spá í það hvort það sé opið eður ei.“

Valgerður hefur lifað og hræst í veiðiheimum lengi. Fyrir um þremur áratugum stofnuðu foreldrar hennar veiðiferðaskrifstofu og hefur hún verið með veiðidellu frá því hún var barn að aldri. Veiði hefur haft þann stimpil á sér í gegnum tíðina að vera karlasport.

„Ég hugsaði þínu um það hvernig yrði tekið í það að kona væri að opna veiðiverslun en ég hef ekki fundið fyrir neinu. Kannski myndu menn setja út á það ef ég væri að fylla fluguboxin þeirra af bleikum og fjólubláum flugum,“ segir hún og hlær. johannoli@frettabladid.is

UP!LAGÐUR



Nýr up! frá aðeins
1.790.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.



Volkswagen



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir

ESLINSÓVVALISTOF 8406 0617

Verð frá: 5.350.000 kr.

Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
Verðmæti: 780.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Yfir 30 milljónir króna safnast til styrktar Nuugaatsiaq

SAMFÉLAG Rúmlega þrjátíu milljónir króna hafa nú safnast í áttakinu Vinátta í verki en söfnunin hefur nú staðið yfir í tólf daga. Safnað er til styrktar íbúum í grænenska þorpinnu Nuugaatsiaq en flóðbylgja, orsökud af berghruni, skall á bænum 18. júní síðastliðinn.

Fjórir týndu lífi í flóðbylgjunni og gríðarlegt eignatjón varð í Nuugaatsiaq vegna hennar.

Forsætisráðherra Grænlands, Kim Nielsen, hefur lýst því yfir að þorpið verði mannlaut í ár hið minnsta vegna hamfaranna.

„Í gær söfnuðust 600 þúsund krónur á Flateyri en íbúar þar vildu þakka stuðninginn sem Grænlandingar sýndu í kjölfar snjóflóðanna árið 1995,“ segir Hrafn Jökulsson, upphafsmaður Vinátta í verki. Vika er síðan Hrafn hóf að safna.

„Næsta vika verður helguð því að fá öll 74 sveitarfélög landsins til að sýna vináttu í verki,“ segir hann.

Hrafn segir að það liggi ekki fyrir hvenær söfnuninni ljúki. Hún muni halda áfram út þessa viku og lengur, ef þörf krefur, til að ná 50 milljóna króna markinu sem sett var í upphafi. „Peningarnir eru samt aukatríði. Vináttan er það sem mestu máli skiptir,“ segir Hrafn.

Næsta vika verður helguð því að fá öll 74 sveitarfélög landsins til að sýna vináttu í verki.

Hrafn Jökulsson, upphafsmaður Vinátta í verki



Hann segir einnig óvíst hvernig fénu verði komið til Grænlands enda óvissa um til hvaða aðgerða stjórnmöld ytra ætli að grípa.

„En það er alveg ljóst að hver króna sem safnast mun renna til fórnarlambanna. Það verður gert í samráði við fólkið sjálft og hjálpar-samtök á svæðinu,“ segir Hrafn. – **Joe** Reikningsnúmer landssöfnunarinnar 0334-26-056200, kennitala 450670-0499

Orri Vigfússon fallinn frá

SAMFÉLAG Orri Vigfússon, athafna-maður og umhverfissinni, lést á Landspítalanum á laugardag, á 75. aldursári. Orri gegndi fjölmörgum ábyrgðarstöðum og var áberandi í íslensku viðskiptalífi.

Orri beitti sér fyrir uppbyggingu Norður-Atlantshafs laxastofnsins og var stofnandi NASF, Verndar-sjóðs villtra laxastofna, þar sem hann gegndi enn fremur formennsku. Hann naut virðingar náttúru- og umhverfissinna víða um heim og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenn-inga fyrir störf sín. – **hks**

Fíklar óku um og ollu tjóni

LÖGREGLUMÁL Mikill erill var hjá lögreglu um helgina og voru fanga-geymslur við Hverfisgötu fullar. Þurfti að vista fjórtán í Hafnarfirði aðfaranótt laugardags. Ökumenn undir áhrifum fíkniefna voru áberandi í dagbók lögreglunnar. Þannig var einn 17 ára stoppaður sem reyndist einnig með fíkniefni í bílnum. Þurftu foreldrar hans að koma á stöðina og sækja drenginn.

Einn velti bíl sínum við Krísvíkuvveg en slapp með minniháttar hrufli eins og segir í dagbókinni. Þá ók einn á gangstéttum við Ægisíðu og skemmdi bifreiðina áður en hann var stöðvaður. Þá má rekja umferð-aróhapp á Skólavörðustíg til fíkniefnaaksturs.

Eini allsgáði ökumaður helgarinnar sem kemur fyrir í dagbók lögreglu er ungur maður á bifhjól við Hlemm. Eftirför lögreglu endaði við Elliðaár þar sem ökumaðurinn datt af hjólinu. Hann slapp þó ómeiddur en hann ók á móti einstefnu, á móti rauðu ljósi, á gangstígum og fleira. – **bb**

14

þurfti að vista í fangageymsl-um í Hafnarfirði.

Erlendir skátar koma með tvo og hálfan milljarð til landsins

Eitt stærsta skátamót heims verður haldið hér á landi eftir mánuð og stendur undirbúningur nú sem hæst. Um 4.000 skátar frá 106 löndum koma hingað til lands ásamt 650 erlendum sjálfbodaliðum.

SAMFÉLAG „Þetta verður eitt langstærsta skátamót á Íslandi til þessa,“ segir Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta, en undirbúningur fyrir World Scout Moot, sem haldið verður í lok júlí, er nú í fullum gangi. Um fimm þúsund manns munu taka þátt í mótinu, fjögur þúsund skátar og yfir þúsund sjálfbodaliðar, þar af 650 erlendir. Mótið er haldið í fimmtánda sinn og hefur aldrei verið stærra en það er fyrir 18-25 ára skáta um allan heim. Alls koma þátttakendur frá 106 löndum.

„Heildargjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið vegna mótsins eru áætlaðar um tveir og hálfur milljarður króna. Einstaklingar með ævintýraþrá sem vilja kynna líkum menningarheiminum sækja svona mót,“ segir hann.

Hermann segir að krónan hafi leikið mótið grátt en vonast er til að það komi út á sléttu þrátt fyrir styrkingu krónunnar. „Við settum upp áætlun árið 2015. Þá var gengið 130. Þetta hefur vissulega gert okkur erfitt fyrir eins og öllum öðrum sem eru í ferðabjónustu. Við eigum marga góða samstarfsaðila sem hafa lagt okkur lið og hefur það verið ómetanlegt fyrir skátahreyfinguna.“

Áætlað er að skátarnir leggi fram um 20 þúsund sjálfbodaliðavinnu-stundir á stöðum sem þeim verður dreift á og segir Hermann að þeir



Fjölmargir koma að skipulagningu mótsins enda í mörg horn að líta og var líf og fjör þegar Fréttablaðið leit við. Tryggt er að 36 skátar sem ekki hefðu annars efni á því geti komist með aðstoð Aurora-styrktarsjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

muni meðal annars laga stíginn í Reykjadal við Hveragerði, búa til nestislund í Öskjuhlíð, hreinsa mýrlendi á Akranesi og fleira og fleira.

Íslenska ríkið hefur stutt verk-efnið um ríflega 100 milljónir sem hefur gert það mögulegt að stækka mótið frá því að vera 2.000 manna mót í Kanada árið 2013 í það að vera yfir 5.000 manna mót.

„Á mótinu mætast ólíkir menningarheimar, fólk með ólík trúar-brögð, umgengnisvenjur, matar-venjur og fleira. Þetta er heillandi áskorun sem íslensku skátarnir hlakka til að mæta í ljósi þeirra atburða sem hafa átt sér stað að undanfögnu í heiminum.“

benediktboas@365.is

Tölur um mótið

450 skátar og sjálfbodaliðar koma frá **Ástralíu**

360 skátar og sjálfbodaliðar koma frá **Sviss**

15 skátar og sjálfbodaliðar koma frá **Suður-Afríku**

106 þjóðir munu senda skáta til Íslands
10 skólar verða lagðir undir gistingu



120 rútur þarf til að ferja skátana

60 rútur eru tryggðar

15 tonn af mjólkur-vörum þarf



1 tonn af salati

20.000 súkkulaði-stykk

20 mannhæðarhá bretti af eplum og appelsínnum



230 tjöld

460 potta og pönnur

120 eldavélar



Eldri borgarar boða aðgerðir

SAMFÉLAG Stjórn Landssambands eldri borgara hefur sent frá sér ályktun í kjölfar ákvörðunar kjararáðs og kjaradóms til ædstu embættis-manna og stjórnmalamanna. Segir þar að Landssambandið telji að mælirinn sé fullur. Ekki sé hægt að sætta sig við það óréttlæti sem við-gengst í þjóðfélaginu og mun sam-bandið taka upp harða baráttu til að stjórnmöld hlusti á kröfur þeirra sem eldri eru í samfélaginu. Frá 2009 hafa eldri borgarar beðið eftir leið-réttingu vegna sinna kjaraskerðinga sem námu um 17 milljörðum króna.

„Það er ekki nóg með að launa-hækkanir séu miklar, heldur eru þær afturvirkar allt að 19 mánuðum. Stjórnmalamenn horfa aðgerðalaus-ir á, að með þessum ákvörðunum er verið að mismuna fólki. Við slíkt verður ekki unáð.“

Landssamband eldri borgara bendir á að leiðréttingar og aftur-



Eldri borgarar eru ekki sáttir eftir ákvörðun kjararáðs. NORDICPHOTOS/GETTY

virki eru orð sem stjórnmöld hafa gjörsamlega hafnað þegar eldri borgarar eiga í hlut þrátt fyrir loford um að allar skerðingar frá 2009 yrðu leiðréttar.

Landssamband eldri borgara mót-

mælir því harðlega að félögum okkar sé refsað vinni þeir sér inn tekjur umfram 25 þúsund krónur á mánuði. Eftir það eru aðeins 27% af tekjunum sem fara í veski þeirra,“ segir orðrött í ályktuninni. – **bb**

Er ferðavagninn rafmagnslaus?



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country. 20 cm veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er draumaprennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra. Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
LOFTHREINSIKERFI (AIR QUALITY SYSTEM)
7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU
VERÐ FRÁ 4.790.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO V60 CROSS COUNTRY



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináherla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000


Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

Við erum komin í Hafnarfjörðinn

við hliðina á Bónus

gæludýr.is



ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Kaka handa leiðtoga



Tíbeskur munkur sker fyrstu sneiðina úr afmælistöku Dalai Lama en hinn andlegi leiðtogi Tíbeta varð 82 ára gamall í gar. Veislan sjálf var haldin í Taípei, höfuðborg Taívan, en Dalai Lama hefur búið í útleð frá árinu 1959. Þá réðust kínversk stjórnvöld gegn íbúum Tíbet sem vildu sjálfstæði frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segja sér óheimilt að styrkja kirkjubyggingu

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs segir forsvarsmenn Stórolfshvolssóknar ekki horfast í augu við að skilyrði til að fá fé úr jöfnunarsjóði sókna vegna kirkjubyggingar séu ekki uppfyllt. Málið sé í grunninn afskaplega einfalt.

TRÚFÉLÖG Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir Stórolfshvolssókn ekki hafa fengið áður ákveðin framlög til að byggja nýja kirkju vegna þess að skilyrðum fyrir því hafi ekki verið mætt.

Stórolfshvolssókn hefur stefnt þjóðkirkjunni vegna samtals 90 milljóna króna fjárframlaga, sem kirkjuráð samþykkti á árinu 2011 að veita til byggingar nýrrar kirkju í sókninni, sem ekki skiluðu sér nema að mjög litlu leyti eins og fram kom í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag.

Oddur segir málið í grunninn vera afskaplega einfalt. Jöfnunarsjóði sókna sé óheimilt að styrkja kirkjubyggingar nema þremur skilyrðum sé fullnægt.

„Stórolfshvolssókn hefur ekki tekist að uppfylla þessi skilyrði og þar með er kirkjuráði ekki heimilt að styrkja bygginguna. Þetta hefur



Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

sóknarnefndinni og byggingarnefndinni verið tilkynnt árlega af starfsmanni Jöfnunarsjóðs en hún neitar að horfast í augu við þessar staðreyndir,“ segir Oddur.

Séra Halldór Gunnarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Holti og nú formaður byggingarnefndar Stórolfshvolssóknar, gagnrýndi framgöngu þjóðkirkjunnar í málinu harðlega í áður nefndri frétt Fréttablaðsins. „Það er algerlega með ólíkindum hvernig kirkjuráð hefur hagað sér

í þessu máli,“ sagði Halldór meðal annars.

„Það hlægasta við málið er að formaður byggingarnefndarinnar, Halldór Gunnarsson, sat í kirkjuráði þegar þessar reglur um skilyrði úthlutana styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna voru samdar,“ segir Oddur Einarsson.

Þau þrjú skilyrði, sem Oddur segir að uppfylla þurfi til að fá styrki til kirkjubygginga úr Jöfnunarsjóði, eru eftirfarandi:

Að fyrir liggja þarfagreining sóknarinnar, þarfi þar hæfilega metnar og kirkjuráð samþykki hana. Að fyrir liggja fjármögnunaráætlun þar sem heildarfjármögnun sé tryggð með skuldbindandi yfirlýsingum allra sem að verkefninu koma. Að fyrir liggja rekstraráætlun þar sem sýnt sé fram á getu safnaðarins til að standa undir rekstri mannvirkisins. gar@frettabladid.is

HONDA
The Power of Dreams

FRUMSÝNUM
CIVIC
SEDAN



HONDA CIVIC SEDAN

182 HESTÖFL - TURBO

KR. 3.720.000



www.honda.is



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Tekjublaðið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er þessi tími ársins sem þjóðin eyðir einhverjum dögum í að skoða hverjir hafa hæstu tekjurnar, hafa það best og eiga flest og guð má vita hvað og sitt sýnist hverjum eins og gengur. Þannig hefur það löngum verið á Íslandi og verður eflaust alltaf í landi þar sem misskiptingin er mikil og sumir búa við einhvern svimandi veruleika sem er okkur hinum viðlíka framandi og líf á öðrum hnöttum. Og einu sinni á ári fletum við tekjublaðinu og veltum því fyrir okkur hvernig það væri að vera á meðal geimveranna sem svifa þarna einhvers staðar fyrir ofan okkur og allt um kring á bleiku skýi.

Stundum eru þessar vangaveltur kallaðar öfund eða eitthvað þaðan af verra en eitt er víst og það er að góðu fréttirnar eru væntanlega að við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af þessu fólki, það spjarar sig greinilega. Vondu fréttirnar eru að það er nóg af fólki, það er líklega ekki í tekjublaðinu, sem býr við veruleika sem er mörgum eflaust fullkomlega framandi. Því það er sama hvað stjórnmalámennt og fylgismenn þeirra hamra á því að hér sé bullandi góðæri, hvínandi hagvöxtur og allir hafi það óskaplega gott, þá er það ekki veruleikinn. Því þó svo margir hafi það gott á Íslandi og sumir hafi það frábært þá er veruleikinn sá að sumir búa við algjörlega óásættanleg lífskjör á Íslandi.

Á sama tíma og þjóðin skoðaði hver hefur hversu miklar tekjur og hver á hvað þá fengu margir kaldar kveðjur frá þessu sama samfélagi. Fjölmargir eldri borgarar og öryrkjar eiga til að mynda að komast af á 280.000 krónum á mánuði og það sér hver heilvita maður að er ekki í lagi. Sumir fengu meira að segja tilkynningu um að þeir hefðu fengið of mikið á einhverjum tímamarki frá kerfinu og að þeir þurfi því að setta sig við enn minna á næstu mánuðum. Það er ekkert góðæri á þeim bæjum. Á Íslandi eru líka börn sem fara svöng að sofa vegna þess að þau búa við fátækt og allar þær félagslegu raunir og gildir sem henni fylgja. Þau éta ekki hagvöxtinn fyrir háttinn. Nú og svo eru það þeir sem glíma við langvinn veikindi og jafnvel ólæknandi sjúkdóma sem leggja fjárhaginn í rúst á undravörðum hraða og standa frammi fyrir bæði fjárhagsvandræðum og veikindum í sömu andrá. Ætli þeim líði betur að vita af því að lífskjörin hafa aldrei verið betri?

Það er sjálfsgagt og í góðu lagi að gleðjast yfir því sem vel gengur en það er ekki verkefni stjórnmaláanna. Gleðin yfir efnahagslegri velgengni samfélagsins í heild hlýtur að vera fölginn í því að við getum þá gert betur við þá sem mest þurfa á því að halda. En ef gleðin felur það í sér að dansa í kringum gullkálfinn fremur en að gera eitthvað í þessum málum þá er illa komið fyrir íslensku samfélagi. Því stjórnmal, eða öllu heldur stjórnmalámennt, sem láta sig þetta engu varða eru einskis virði. Verkefni stjórnmaláanna er nefnilega að gæta að hagsmunum og lífsgæðum allra þegna þessa lands en ekki einvörðungu þeirra sem eru eftir á blaði í tekjublaðinu margfræga.



Gleðin yfir efnahagslegri velgengni samfélagsins í heild hlýtur að vera fölginn í því að við getum þá gert betur við þá sem mest þurfa á því að halda.



DÚKA

KRÍNGLUNNI • SÍMI: 533 1322 • SMÁRALIND • SÍMI: 564 2011

Halldór



Frá degi til dags

Blindað af umburðarlyndi Margt umburðarlyndasta, frjálslyndasta og viðsýnasta fólk landsins rauk upp til handa og fóta um helgina eftir að formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, Brynjar Nielsson, ritaði á Facebook að Reykjavík skorti strípistaði til að teljast borg meðal borga.

Meðan það víðraði sínar eigin skoðanir af offorsi virtist það gleyma því að aðrar viðsýnar og frjálslyndar skoðanir eru til. Merkillegt hvernig fólk getur blindast svona ótrúlega í viðsýni sinni.

Fögnum fjölbreytileikanum Annars þarf Brynjar að hafa litlar áhyggjur af því að finu flottu jakkafatakallarnir, frá stóru flottu borgunum með finu fatafelluklúbbana, vilji ekki halda ráðstefnur og geri ekki að litlu súludansstaðalausau Reykjavík.

Reykjavík hefur nefnilega á undanförunum árum ratað á lista sem ein besta ráðstefnuborg sem í boði er. Að auki er náttúrulega möguleiki að á markaðnum, besta vini Brynjars, sé bullandi eftirspurn eftir borg þar sem stríppstaðir eru jafn margir og tennur hænunnar.
johannoli@frettabladid.is

Refsa fyrst, spyrja svo?



Jakob Frimann Magnússon
tónlistarmaður

Afleysingastúlka í Leikskólanum 101 náði haustið 2013 myndbandsbroti af starfssystur sinni „flengja“ stúlkubarn. Í stað þess að kvarta til yfirmanna á þessum 7 manna vinnustað var myndbandinu komið beint til Kastljóssins og nú gerðust hlutirnir hratt. Þessum 33 barna skóla var umsvifalaust lokað. Barnaverndarnefnd og Lögreglan í Reykjavík tóku yfir málið. Foreldrum var eðlilega brugðið.

Ljóst var að umræddir foreldrar yrðu í knappri stöðu því hvergi var laust pláss í leikskólum borgarinnar. Sá sem þetta ritar var í þeim hópi og mátti á næstu vikum gjalda dýru verði þjónustu aðstoðarfólks þar til hægt var að troða okkar barni sem og öðrum fórnarlömbum umræddra aðstæðna inn í leikskóla annarra hverfa, skóla sem þó voru allir þegar yfirfullir. Upphófst nú alllangt tímabil 90 mínútna daglegra bíltúra á háannatíma, til og frá því úthverfi sem okkur bauðst pláss í.

Undirritaður óskaði nokkrum mánuðum síðar eftir niðurstöðum rannsókna þessa máls sem svo áþreifanlega hafði komið við dagskrá og pyngju fjölskyldu okkar og annarra. Engin svör bárust.

Eigendur og starfsfólk skólans hafði beðið alvarlega hnekki á starfsheildri sínum og trúverðugleika. Starfsfólkið missti vinnuna og eigendur glötuðu fyrirtæki sínu. Á miðju ári 2015 var undirritaðan farið svo að lengja eftir niðurstöðum að hann bankaði upp á hjá lögreglunni.

Þar reyndist fátt um svör, þótt rannsókn málsins væri löngu lokið. Það eina sem fulltrúar lögreglunnar voru reiðubúnir að láta hafa eftir sér: „Of mörg börn á Leikskólanum 101!“ Akkúrat. Hin 18 mánaða rannsókn hafði leitt í ljós að myndbandið fræga innbar ekkert saknæmt eða refsivert. Hins vegar hafði skólanum orðið á í messunni er tveimur börnum var heimiluð vist umfram leyfilegan kvóta. En afrakstur alls þessa hafði jú þýtt að tveimur til þremur börnum hafði nú verið troðið í alla leikskóla höfuðborgarsvæðisins umfram það sem leyfilegt var!

Þó vissulega séum við sammála um að láta börnin okkar ávallt njóta vafans, gætum við hugsanlega lært eitthvað af ofangreindu um hvernig EKKI skyldi hrapa að niðurstöðum í málum af þessum toga, en saga þessi rifjaðist einmitt upp að gefnu tilefni nú um helgina.



Hin 18 mánaða rannsókn hafði leitt í ljós að myndbandið fræga innbar ekkert saknæmt eða refsivert.

Við berum það sem við gerum

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

S túlkunar sem urðu fyrir barðinu á Róberti Árna Hreiðarsyni munu aldrei endurheimta glataða æsku. Aftur á móti stendur til að endurheimta svonefnda æru mannsins. Og lögmansréttindi, sem Hæstiréttur veitti honum með þeim orðum meðal annars í úrskurði sínum að „það skipti [...] hann miklu máli að geta skilið við þann kafla í lífi sínu sem leitt hafi til dómsins á árinu 2008“.

Virðingarstaða

Lögmennska er virðingarstaða í samfélaginu, valdastaða gagnvart alls konar fólki sem stendur misvel að vígi, trúnaðarstaða þar sem viðkvæm mál koma upp og reynir á mannkosti og heiðarleika viðkomandi manns. Það eru ekki grundvallarréttindi að fá að gegna lögmennsku – hafi maður einu sinni verið sviptur þeim – heldur forréttindi. Ekki blasir við að dæmdur barnaniðingur sé vel fallinn til slíkra starfa.

Um þetta mál hefur þegar verið skrifað margt og sennilega litlu við það að bæta. Hins vegar er það umhugsunarefni fyrir okkur öll að í þessu máli birtist óvenju skýrt hvernig lagaleg niðurstaða máls getur farið í bága við sómakennnd og siðferðisviðmið alls þorra fólks; það er óheppilegt fyrir samfélag þegar slíkt gerist oft.

Það blasir við nánast hverjum manni – nema ef til vill Róberti og lögmanni hans – að hann fær ekki „uppreist æru“ sí svona, nema í þröngum lagaskilningi, og hugsanlega í litlum hópi vina og velunnara. Orðspor manns, sæmd – æra – er ekki nokkuð sem aðeins er komið undir lögum. Og sæmd sína geta menn ekki sótt til dómstóla. Hvað sem kann að vera átt við með orðinu „æra“ í hinum stirðnaða og gamla lagatexta um „uppreist æru“ þá er það samt sem áður svo, að sæmd öðlumst við með framgöngu okkar, orðum og verkum; því orði sem af okkur fer. Sæmd er einfaldlega það álit sem annað fólk hefur á okkur, hafi það á annað borð einhverjar skoðanir á manni, sem auðvitað er sjaldnast, og kannski best. Þó að sakamaður komi út úr fangelsi frjáls maður, búinn að afplána frelsissviptingu vegna glæpa sinna, á viðkomandi alveg eftir að byggja upp mannorð sitt í samfélaginu; þó að sérhver eigi svo sannarlega skilið nýtt tækifæri til að verða nýtt manneskja eftir slíka afplánun, þá verður viðkomandi sjálfur að sýna meðborgurum sínum fram á að vera orðinn nýr og betri maður. Besta leiðin til þess er ekki endilega að sækjast eftir mannvirðingum á borð við lögmansstarf.

Við erum það sem við gerum

Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að lögin hafa sínar takmarkanir í siðferðilegum og heimspekilegum álitamálum. Dómar eru ekki einhlítur mælikvarði á rétt og rangt. Þeir geyma mat (vonandi) færustu manna á því hvernig tekist hefur að sanna ávirðingar og þó að manneskja teljist saklaus uns sekt er sönnuð á enginn heimtingu á því að njóta sæmdar í samfélaginu. Álit annarra á okkur ræðst af verkum okkar og framgöngu – persónu okkar – við erum það sem við gerum. Lögin segja hins vegar að það sé ekki endilega svo – heldur séum við það sem við verðum uppvís að því að gera.

Þetta eru takmarkanir lögfræðinnar. Hún nær ekki utan um siðferðileg álitamál nema upp að vissu marki. Áður en Róbert Árne var dæmdur sagðist hann saklaus af ásökunum (og hefur aldrei sagt annað). Hann var líka saklaus í skilningi laganna – en hann var ekki saklaus, það vitum við nú. Við erum það sem við gerum – og það sem meira er: við berum það sem við gerum. Allt sem við gerum fylgir okkur og mótar okkur – meira að

segja þó að það hafi aldrei komist upp.

Róbert mun aldrei geta „skilið við þann kafla í lífi sínu sem [leiddi] til dóms yfir honum 2008“ frekar en annað fólk sem þessu ömurlega máli tengist. Hann getur ekki létt af sér byrðunum af verkum sínum. Það getur enginn gert. Ekki lögfræðingur hans og ekki heldur Hæstiréttur. Mennt sem hafa gerst sekir um alvarlega glæpi á borð við morð, nauðgun eða barnanið fara

um með þungar byrðar og ekkert okkar getur létt þessum byrðum af þeim. Kristnir menn segja að það geti guð einn gert – aðeins guði geti veitt fyrirgefningu fyrir svo skelfilega glæpi en þá aðeins að undan-genginni sannri og raunverulegri iðrun.

Aðrir segja sem svo, að fyrirgefning sé ekki í boði en við séum hins vegar það sem við gerum, og þar á meðal það sem við gerum næst. Við getum ekki breytt því sem

við höfum áður gert af okkur en við getum valið um hitt sem við gerum næst, og þannig getum við hægt og hægt reynt að lifa frá degi til dags og léttu þunga daganna með því að reyna að breyta rétt og hætta að réttlæta glæpi, eins og við vitum að kynferðisglæpamenn eru sérlega gjarnir á að gera. Hvað sem því öllu líður þá er sjálf afplánun dóms aðeins fyrsti liður í því langa og stranga ferli fyrir barnaniðinga að lifa með sér og verkum sínum.

www.ils.is

569 6900

08:00–16:00

Kemst fólk inn á fasteigna-markaðinn?



Kynningarfundur um húsnæðisstuðning fyrir fyrstu kaupendur, þriðjudaginn 4. júlí frá kl. 12–13

Íbúðalánasjóður heldur kynningarfund um húsnæðisstuðning hins opinbera fyrir fyrstu kaupendur sem nýverið tók gildi. Á fundinum verður fjallað um úrræðið, hverjum það gagnast og vanda þeirra sem vilja eignast húsnæði við núverandi markaðsaðstæður.

Fundurinn verður haldinn í fundarsal Íbúðalánasjóðs, Borgartúni 21. Allir eru velkomnir og við hvetjum fyrstu kaupendur sérstaklega til að mæta á fundinn.





Kjarasamningar í ferðaþjónustu



Indriði H. Þorláksson
formaður Leiðsagnar – félags leiðsögumanna



Jakob S. Jónsson
formaður kjaranefndar Leiðsagnar – félags leiðsögumanna



Það er ekki viðunandi að kjarasamningar starfsfólks í stærstu undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar séu virtir að vettugi og slegið sé af kröfum um faglega þjónustu.

Í fjölmöldum hafa birst fregnir af því að einhver fyrirtæki í ferðaþjónustu virði ekki kjarasamninga leiðsögumanna. Sum þessara mála hafa borist á borð þeirra stéttarfélaganna sem í hlut eiga og verður auðvitað tekið á þeim. Auk þess má ætla að fjöldi „skuggamála“ sé nokkur, þ.e. mála, sem aldrei koma fram í dagsljósið vegna þess að launþegi þekkir ekki rétt sinn eða þorir ekki að biðja um aðstoð við leiðréttingu þegar á honum er brotið af ötta við viðbrögð vinnuveitanda. Þá eru dæmi þess að vinnuveitendur hafi beinlínis meinað launþegum að vera í réttu stéttarfélagi, enda er það áhrifamikil leið til að „deila og drottna“.

Það er vont ef ástand á þessum vinnuþætti er þannig að unnt sé að misbeita valdi og hunska þá ábyrgð sem vinnuveitandi hefur á því að samningar séu virtir. Á þessu verða stéttarfélög að taka með ákveðni og afli. Vegna þessa viljum við undirritaðir koma eftirfarandi á framfæri, svo auðveldara verði fyrir vinnuveitendur leiðsögumanna að gera sér grein fyrir skyldum sínum í þessum efnunum og leiðsögumönnum sé ljóst hver réttindi þeirra eru.

Stéttarfélög eru samtök launamanna úr tilteknum starfsstéttum og eru þau stofnuð í þeim tilgangi að sjá um sameiginlega hagsmunir þeirra. Í því felst m.a. gerð kjarasamninga, sem er samkomulag um réttindi og skyldur starfsmanna og launagreiðenda. Kjarasamningur veitir báðum aðilum viss réttindi og leggur á þá gagnkvæmar skyldur, og þetta ber báðum aðilum að virða sem lágmarksréttindi. Meðal annars er það skylda fyrirtækja í ferðaþjónustu að greiða þeim sem hjá þeim starfa við leiðsögn ferðamanna að lágmarki skv. kjarasamningum Leiðsagnar – félags leiðsögumanna.

Hluti af þessum skyldum launa-

greiðanda er að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjaldi, félagsgjöldum og framlögum til samningsbundinna sjóða, og greiða það til viðkomandi stéttarfélags. Launamenn mega skv. ákvæði stjórnarskrárinna um félagafrælsi og ákvæðum laga 55/1980 standa utan stéttarfélaga, en þeim ber engu að síður skylda til að taka þátt í því kjarnahlutverki stéttarfélaganna að gera kjarasamninga sem ná til allra í viðkomandi starfsstétt. Það er því ekki hægt að velja sér stéttarfélag, eins og borið hefur við að gert er.

Greiða ber iðgjöld til þess félags sem gerir kjarasamninga fyrir viðkomandi starfsgrein. Í samræmi við framangreint eiga allir launagreiðendur leiðsögumanna að greiða iðgjöld af launum þeirra til Leiðsagnar – félags leiðsögumanna.

Öllum er frjálst að taka þátt í starfi síns stéttarfélags og vinna að bættum kjörum félagsmanna, og skulu allir hvattir til þess enda eflir það félagið að sem flestir taki þátt og hafi áhrif.

Ferðaþjónusta á Íslandi er bæði ung og gömul atvinnugrein. Fyrstu sporin í þjónustu við ferðamenn voru tekin snemma í sögu okkar og þá hefði nú sennilega engan óráð fyrir því að fjöldi ferðamanna í framtíðinni næmi margföldum fjölda þjóðarinnar sjálfar. Þangað erum við þó engu að síður komin og þá riður á að ferðaþjónustan sé fagmannleg og traust.

Það er ekki viðunandi að kjarasamningar starfsfólks í stærstu undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar séu virtir að vettugi og slegið sé af kröfum um faglega þjónustu. Metnaður ferðaþjónustunnar á m.a. að felast í að bera virðingu fyrir náttúru lands og menningu þjóðar og því fylgir að fara að lögum og kjarasamningum. Svo einfalt er það!

Sameining framhaldsskóla og útboð þjónustusamninga



Ólafur Johnson
fyrirverandi skólalastjóri

Nokkuð er rétt um hagræðingu í rekstri framhaldsskólanna þessa dagana. Hæst ber þar umræðu um sameiningu skóla. Annars vegar FÁ og Tækniskólans og hins vegar MR og Kvennó.

